




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

10. - 12. JANÚAR
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og sendir út á Rás 1 sunnudaginn 13. janúar.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

Tónlistarflutningur í Hörpuhorni fyrir tónleika og í hléi:
Haukur Gröndal, Kjartan Valdemarsson og Matti Kallio.

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi og að loknum tónleikum við ljúfan hljóðfæraleik.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjeldsted.

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og
Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista
með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍNAR- TÓNLEIKAR

Christian Kluxen

hljómveitarstjóri

Hrafnhildur Árnadóttir

Hafstað

einsöngvari

Sveinn Dúa Hjörleifsson

einsöngvari

Dansarar

David Klar

Denise Margrét Yaghi

Helga Sigrún

Hermannsdóttir

Þorkell Jónsson

EFNISSKRÁ

Johann Strauss yngri

Die Fledermaus (Leðurblakan), forleikur

Johannes Brahms

Ungverskur dans nr. 6

Johann Strauss yngri

Klänge der Heimat

aría úr óperettunni Die Fledermaus

Emmerich Kálmán

Heut' Nacht habe ich geträumt von dir

aría úr óperettunni Das Veilchen von Montmartre

Johann Strauss yngri

Unter Donner und Blitz

Franz Lehár

Sie sind von Sinnen

dúett úr óperettunni Der Graf von Luxemburg

Johann Strauss yngri

Keisaravalsinn

HLÉ

Johann Strauss yngri

Der Zigeunerbaron (Sígauanabaráninn), forleikur

Franz Lehár

Wie eine Rosenknospe

aría úr óperettunni Die lustige Witwe

Meine Lippen sie küssen so heiss

aría úr óperettunni Giuditta

Hans C. Lumbye

Champagne Galop

Richard Heuberger

Gehen wir ins Chambre séparée

dúett úr óperettunni Der Opernball

Johann Strauss yngri

An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)



CHRISTIAN KLUXEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Danski hljómveitarstjórinn Christian Kluxen er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómveitarinnar í Victoria í Kanada, en var áður aðstoðarstjórnandi Konunglegu skosku þjóðarhljómveitarinnar um þriggja ára skeið.

Á nýbyrjuðu ári tekur hann við stöðu aðalhljómveitarstjóra Norðurskautsfilharmóníunnar (Arctic Philharmonic) í Norður-Noregi. Hann hefur stjórnað fjölda virtra hljómveita, meðal annars Gautaborgarsinfóníunni, Fílharmoníusveit Hollands, Lundúnarfílharmoníunni, Konunglegu fílharmoníu-hljómveitinni í Lundúnum og Strassborgarfílharmoníunni. Þá var hann „Dudamel Fellow“ hjá Fílharmoníusveitinni í Los Angeles árin 2014–15.

Kluxen hefur stjórnað fjölmörgum óperum, m.a. *Madama Butterfly* eftir Puccini við Dönsku þjóðaróperuna, *Töfraflautu* Mozarts hjá Komische Oper í Berlín, *Leðurblöku* Johanns Strauss með Sinfóníuhljómveit Árósa og *Ariadne auf Naxos* eftir Richard Strauss frá stjórnendapalli Arctic-óperunnar.

Christian Kluxen fæddist í Kaupmannahöfn árið 1981. Hann hlaut í þriggja námsstyrk frá dönsku hljómveitarstjórasamtökunum og naut frekari styrkja til náms í New York og Bayreuth. Tengslin við heimalandið eru honum mikilvæg og hefur hann stýrt hljómveitum vítt og breitt um Danmörku þar á meðal Dönsku þjóðarhljómveitinni, Fílharmoníuhljómveitinni í Kaupmannahöfn og Sinfóníuhljómveitinni í Óðinsvéum.



HRAFNHILDUR ÁRNADÓTTIR HAFSTAÐ

EINSÖNGVARI

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík og lauk burtfararprófi þaðan árið 2009 undir handleiðslu Dóru Reyndal. Árið 2015 lauk hún mastersnámi frá Hollensku óperuakademíunni í Amsterdam.

Meðal óperuhlutverka sem hún hefur sungið eru hlutverk greifynjunnar í *Brúðkaupi Figarós* og Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart, Echo í *Ariadne auf Naxos* eftir Richard Strauss, Thérèse í *Les mamelles de Tirésias* eftir Poulenc og titilllutverk *Alcinu* eftir Händel. Á tónleikum hefur Hrafnhildur m.a. sungið *Vier letzte Lieder* eftir R. Strauss, *Mattheusarpassíuna* og *Jólaóráttiruna* eftir Bach, *Exsultate Jubilate* eftir Mozart og *Gloríu* eftir Poulenc.

Hrafnhildur hefur komið fram á tónleikum og í óperu-sýningum víða í Hollandi, meðal annars í Concertgebouw í Amsterdam, hjá Hollensku óperunni og Nationale Reisopera, auk tónlistarhátíða eins og Grachtenfestival og Uitmarkt. Meðal nýlegra verkefna Hrafnhildar héraendis eru þátttaka í Óperudögum í Reykjavík, tónleikar með Barokkbandinu Brák, Kúnstþása hjá Íslensku óperunni, tónleikaprógrammið Perlur íslenskra sönglaga í Hörpu og sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar.

Meðal verkefna Hrafnhildar veturinn 2018/19 eru *Petite Messe Solennelle* eftir Rossini í Hollandi, tónleikar með Barokkbandinu Brák, ljóðatónleikar í Salnum Kópavogi og á Sígildum Sunnudögum í Norðurljósum og hlutverk Annínu í *La Traviata* eftir Verdi hjá Íslensku óperunni. Sumarið 2019 fer hún svo með hlutverk Violettu í *La Traviata* á sumartónlistarhátíð í Craaponne sur Arzon í Frakklandi

Hrafnhildur hefur notið styrks frá Samfélagssjóði Valitor og hún hlaut tvisvar dvalarstyrk Selsins á Stokkalæk. Árið 2012 kom hún fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem sigurvegari keppinnar Ungir einleikarar og árið 2013 söng hún í úrslitum keppinnar Concours d'Excellence de l'U. P. M. C. F. í París. Hrafnhildur hlaut listamannalaun Rannís árið 2018.



SVEINN DÚA HJÖRLEIFSSON

EINSÖNGVARI

Sveinn Dúa Hjörleifsson hlaut fyrstu tilsögn í söng hjá Friðriki S. Kristinssyni stjórnanda Karlakórs Reykjavíkur og steig sín fyrstu skref sem söngvari með kórnum. Frekara tónlistarnám stundaði hann í Reykjavík og við Tónlistarháskólann í Vínarborg. Árið 2008 þreytti hann frumraun sína í hlutverki Ferrandos í *Così fan tutte* eftir Mozart í óperustúdíói Íslensku óperunnar. Í kjölfarið fylgdu fleiri hlutverk þar á meðal Don Ottavio í *Don Giovanni* og Pedrillo í *Brottnáminu* úr *kvennabúrinu* eftir Mozart og Lenski í *Eugen Onegin* eftir Tsjajkovskíj.

Sveinn Dúa var fastráðinn í söngvarahóp Landestheater í Linz í Austurríki haustið 2012 og söng þar fjölmörg hlutverk, meðal annars nornina í *Hans og Grétu* eftir Humperdink, Ernesto í *Don Pasquale* eftir Donizetti, Tamino í *Töfraflautunni* eftir Mozart, Alfred/og Dr. Blind í *Leðurblöku* Strauss, Rosillon í *Kátu ekkjunn* eftir Lehár og Armstrong í frumsýningu á *Terra Nova* eftir Moritz Eggerts. Þá kom hann fram á Wiener Festwochen und Berliner Festtagen sem Knappe í frumuppfærslu á *Mondparsifal* eftir Bernhard Lang.

Sveinn Dúa söng tenórhlutverkið í 9. sínfóníu Beethovens við opnun Hörpu í maí 2011 og hlutverk sögumanns í *Das Paradies und die Peri* eftir Schumann í Konzerthaus í Vínarborg. Þá hefur hann haldið ljóðatónleika í Vín og Linz.

Síðastliðið haust hóf Sveinn störf við hið virta óperuhús í Leipzig þar sem hann hefur hingað til sungið Spoletta í *Toscu* og Pong í *Turandot* eftir Puccini, nornina í *Hans og Grétu*, Froh í *Rínargullinu* eftir Wagner og Goro í *Madama Butterfly*. Þar bíða hans meðal annars hlutverk Stýrimannsins í *Hollendingnum fljúgandi* eftir Wagner og Wenzels í *Seldu brúðinni* eftir Smetana.





Johann Strauss og Johannes Brahms.

VÍNARTÓNLISTIN Í ÁR

Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt sína fyrstu Vínartónleika árið 1972 en þeir hafa verið árlegur viðburður í starfsemi hljómsveitarinnar síðan 1981 og um langa hríð langvinsælustu og fjölsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að **Leðurblökunni**, óperettu Johanns Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Vínarborg á gamlárskvöld og reyndar víða um heim. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Johannes Brahms (1833–1897) og Johann Strauss voru miklir mátar og dáðu verk hvor annars. Eitt sinn þegar Brahms heimsótti vin sinn á sumarsetur hans í Bad Ischl, bað Alice, stjúpdóttir Strauss, gestinn um að gefa sér eiginhandararitun. Brahms skrifaði upphafið á *Dónárvalsinum* og þar fyrir neðan - því miður ekki eftir Johannes Brahms. Ungversk tónlist var þeim báðum hugleikin og eru verk þeirra, til dæmis *Sígauñaróninn* eftir Strauss og **Ungverskir dansar** eftir Brahms góð dæmi um það.

Í næsta atriði erum við stödd á áramótagrímuballi hins rússneska Orlofsky greifa í 2. þætti *Leðurblökunnar*. Dr. Falke hyggst hefna sín á Gabriel von Eisenstein sem réttu ári áður hafði orðið honum til athlægis með því að skilja hann eftir á almannaferi, kófdrukkin, klæddan sem leðurblöku. Á miðju ballinu birtist Rósálinda, eiginkona Eisensteins, dulbúin sem ungversk greifynja og horfir uppá mann sinn daðra við þjónustustúlkuna Adele sem þar er í gervi leikkonu. Dr. Falke kynnir greifynjuna fyrir Eisenstein sem fer strax að dufla við hana. Hún syngur saknaðarljóð til ættjarðar sinnar **Klänge der Heimat** en í framhaldinu tekst henni að nappa vasaúri manns síns sem hún notar síðar til að koma upp um ótrygglyndi hans.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld Vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar. Eftir hann liggja 40 óperettur. *Das Veilchen von Montmartre* (*Fjólán frá Montmartre*) var frumsýnd í Johann Strauss leikhúsinu í

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að *Leðurblökunni* í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnari hljómsveitarinnar 1950 og leikur hann nú í 58. sinn á tónleikum. 17. júní 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í jólum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti *Leðurblökuna* vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

Vin árið 1930. Óperettan gerist á síðari hluta níttjándu aldar og fjallar um þrjá fátæka vini sem búa í Montmartrehverfinu í París. Málarinn Raoul verður ástfanginn af götusöngkonunni Violettu sem síðar reynist vera dóttir aðalskonu. Í ariunni *Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir* (Í nótt dreyndi mig þig) jatar Raoul Violettu ást sína. Margir tónleikagestir munu kannast við meginsteff þessa lags sem Óðinn Valdimarsson gerði frægt fyrir rúmlega hálfri öld sem *Ferðalok* eða Ég er kominn heim. Á liðnu ári hlaut það lag nýjan sess í huga íslensku þjóðarinnar sem einkennislag íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu.

Af hartnær 500 verkum Johanns Strauss yngri eru hátt á annað hundrað polkar. Helstu gerðir þeirra eru polka française sem er hægur, polka schnell - hraður polki og polka mazurka sem er í þrískiptum takti og frekar rólegur. Hraði polkinn *Unter Donner und Blitz* eða *Prumur og eldingar* er einn vinsælasti polki valsakónsins.

Franz Lehár (1870–1948) samdi óperettuna *Der Graf von Luxemburg* (*Greifinn af Luxemburg*) á aðeins þremur vikum og skrifaði um hana í minnisbók sína: subbulegt - einskis virði. Þrátt fyrir þetta náði óperettan miklum vinsældum og ratar enn í dag oft á fjalar óperuhúsa. Líkt og óperetta Kálmáns um fjóluna frá Montmartre gerist sagan í París, en nú í byrjun 20. aldarinnar. Söguþráðurinn er að vonum flókinn og fjallar um snauðan, austurrískan aðalsmann og óperudívu sem hafa gengið í sýndarhjonaband án þess að hafa nokkurn tíma hist og hvernig kynni þeirra að lokum verður ást við fyrstu sýn.

Johann Strauss yngri samdi *Keisaravalsinn* op. 437 árið 1888. Hann var saminn í tilefni heimsóknar Franz Josephs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand* (*Hönd í hönd*) en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Kaiserwalzer* sem var diplómátskt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna. Valsasyrpan er líka vissulega tignarleg og með því fegursta sem draup úr fjöður valsakónsins.

Óperettan *Sígaunabaróninn* var frumflutt í Theater an der Wien í október 1885. Hún gerist í Ungverjalandi og Vínarborg og fjallar um samskipti sígauna við svínabónda nokkurn og hans fólk, ástir þeirra og örlög. Þessi gamanópera Johanns Strauss náði strax miklum vinsældum og er á eftir *Leðurblökunni* hans vinsælasta verk.

Káta ekkjan (*Die lustige Witwe*) eftir Franz Lehár var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1906 og fór strax sigurför um heiminn. Sem dæmi má nefna að verkið var sýnt samtals 777 sinnum eftir frumsýninguna í London árið 1907 áður en haldið var í sýningarferð um Bretlandseyjar. Þá hefur óperettan fjórum sinnum verið kvikmynduð. Söguviðið er París, en í óperettunni

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Sígaunabaróninn eftir Johann Strauss var frumflutt á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 25. maí 1961 og sýnd fyrir fullu húsi út leikárið. Hjólmsveitarstjóri var Bodhan Wodiczko en með aðalhlutverkin, Saffi og Sígaunabaróninn fóru Christine von Widmann og Guðmundur Guðjónsson. Íslenska óperan valdi síðan verkið til sýningar við vígslu Gamla bíós sem óperuhúss í ársbyrjun 1982. Var Sígaunabaróninn sýndur fyrir fullu húsi fram á sumar og sáu óperettuna ríflega 23000 gestir á 49 sýningum. Þrjú hjólmsveitarstjórar komu að sýningunni - þeir Alexander Maschat, Robin Stapleton og Páll P. Pálsson en með aðalhlutverkin fóru Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Garðar Cortes. Verkið hefur síðan verið flutt í smækkaðri útgáfu hérlendis - meðal annars í Borgarnesi í tilefni 40 ára afmælis Tónlistarskóla Borgarfjarðar vorið 2008.

segir af ekkjunni Hönnu Galwari sem nýlega hefur erfð mikil auðævi eftir mann sinn, og gagnkvæmri ást hennar og Danilos sendiráðsritara. Í ariunni *Wie eine Rosenknoſpe* sem Danilo syngur til Hönnu, líkir hann hjarta sínu við rósahnapp og veltir fyrir sér hvort hann muni blómstra eða fölna.

Síðasta óperetta Franz Léhárs var *Giuditta* sem var frumflutt í Alþýðuóperunni (Volksoper) í Vínarborg í ársbyrjun 1934. Tónskáldið lagði mikið í þetta verk og hugðist með því sameina óperu- og óperettuformið. Verkinu var strax í byrjun frekar fálega tekið og hefur enn ekki tekist að vinna hug tónlistarunnenda. Nokkrar ariur úr *Giuditta* lifa þó góðu lífi og á það ekki síst við sópranariuna *Meine Lippen sie küssen so heiss*.

Hans Christian Lumbye (1810–1874) hefur oft verið nefndur hinn danski Strauss. Nítján ára gamall heyrði hann vals eftir Johann Strauss í fyrsta sinn og eftir það varð ekki aftur snúið. Hann stofnaði eigin hljómsveit árið 1840 en var svo ráðinn til að stjórna hljómsveit tónleikasalarins í Tívoli fyrir opnun hans árið 1843. Næstu þrjátíu árin samdi Lumbye um 700 verk, mest polka, valsa og galopp og hér hljómar eitt þeirra *Champagne Galop*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperetta Lehárs Káta ekkjan hefur þrisvar sinnum verið sett á fjallirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átján þúsund manns verkið á 28 sýningum. Káta ekkjan laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjallir Íslensku óperunnar við Ingólfstræti við miklar vinsældir.

Gamanóperan *Der Opernball* eða *Óperuballið* byggir á franskrri skáldsögu og fjallar um ráðabruggja tveggja vinkvenna sem vilja komast að því hversu trúir eiginmenn þeirra eru þeim. Þær njóta hjálpar þjónustustúlku sem sendir mönnunum boðskort á grímudansleik í Parísaróperunni og þar gerast ófyrirsjáanlegir atburðir áður en allt endar vel. Höfundur óperettunnar Richard Heuberger (1850–1914) var góður vinur Johannesar Brahms en óperutextann skrifaði Victor Léon sem var mikilvirkur á sínu sviði á gull- og silfuröld óperettunnar. Þrjár kvikmyndir hafa verið gerðar um *Óperuballið* sem enn nýtur vinsælda á óperufjölunum en þekktasta lag óperettunnar er dúettinn *Gehen wir ins Chambre séparée* (*Förum á afvikinn stað*).

Í hugum margra Austurríkismanna er valsasyrpan *An der schönen blauen Donau* eða *Dónárvalsinn* óopinber þjóðsöngur landsins. Johann Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um langt skeið. Ári síðar klæddi Strauss syrpana í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

24. JAN 19:30

BERNSTEIN VILLA-LOBOS

Ligia Amadio hljómsveitarstjóri
Emilía Rós Sigfúsdóttir einleikari

Heitor Villa-Lobos
Bachianas Brasileiras nr. 7

Jón Ásgeirsson
Flautukonsert

Leonard Bernstein
Sinfónískir dansar úr West Side Story

Tónleikakynning kl. 18:00

Brasilíski hljómsveitarstjórinn Ligia Amadio kemur til Íslands með tónlist frá heimalandi sínu í farteskinu. Emilía Rós leikur einleik í flautukonsert Jóns Ásgeirssonar. Amerísk tónlist er einnig áberandi á seinni hluta tónleikanna þegar flutt verður glæsileg og fjörmikil svíta úr hinu sívinsæla verki Leonards Bernstein, West Side Story, í tilefni af aldarafmæli tónskáldsins.



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

Á DÖFINNI



FIM 24 JAN 19:30

BERNSTEIN & VILLA-LOBOS

Brasilíski hljómsveitarstjórinn Ligia Amadio kemur til Íslands með tónlist frá heimalandi sínu í farteskinu. Tónlist úr flokknum *Bachianas Brasileiras* eftir Heitor Villa-Lobos ásamt fjörmikilli svítu úr hinu sívinsæla verki Leonards Bernstein, *West Side Story*, hljómar á tónleikunum. Einnig verður frumfluttur flautukonsert eftir Jón Ásgeirsson sem fagnaði níraðisafmæli sínu sl. haust. Einleikari er Emilía Rós Sigfúsdóttir.



FIM 21 FEB 19:30

DANÍEL OG PEKKA – VORBLÓTIÐ

Vorblót Stravinskíjs er meðal dáðustu hljómsveitarverka 20. aldar. Flutningur *Vorblóts* á Íslandi telst ávallt stórviðburður, ekki síst þegar íslenskur hljómsveitarstjóri er við stjórnvölinn. Daníel Bjarnason er einn fremsti tónlistarmaður landsins. Fiðlukonsert hans var saminn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Fílharmoníuhljómsveitina í Los Angeles, sem frumflutti verkið. Konsertinn var saminn með finnska fiðlusnillinginn Pekka Kuusisto í huga sem er einleikari tónleikanna. Upptaktur að tónleikunum er svo hið undurfagra og kyrrláta *Fratres* eftir Arvo Pärt.



FIM 28 FEB 19:30

BRANTELID LEIKUR ELGAR

Danski sellóleikarinn Andreas Brantelid vann hug og hjörtu íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016. Nú snýr Brantelid aftur með vinsælt meistaraverk í farteskinu, tilfinningaþrunginn selló-konsert Elgars. Á tónleikunum hljómar einnig tímamótaverk Jórunnar Viðar, *Eldur* og þriðja sífónía pólska meistarans Lutoslawskis. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen.



Í AÐALHLUTVERKI FYRIR SÝNINGU



Geiri Smart er sælkerastaður í hjarta bæjarins sem státar af skapandi eldhúsi í einstaklega fallegri umgjörð. Við kynnum á sviðið tveggja rétta leikhússeðil á 5.500 kr. alla daga.

Geiri lofar þér smart byrjun á frábæru sýningarkvöldi!

Hverfsgata 30 | 528 7050 | geirismart.is | geiri@geirismart.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

10., 11. OG 12. JANÚAR 2019

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Justyna Bidler
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Pascal La Rosa
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovisa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Sandra Simón Monje
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Ársgunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Guðmundur Andri Ólafsson

TROMPET

Einar Jónsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ / CELESTA

Helga Bryndís Magnúsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstefi í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is